

Hátíð Jóns Sigurðssonar, sumardaginn fyrsta 24. apríl 2008, í Jónshúsi Hátíðarávarp Sturlu Böðvarssonar, forseta Alþingis

Ágætu gestir.

Í nafni Alþingis þakka ég stjórn Jónshúss fyrir undirbúning fyrstu Hátíðar Jóns Sigurðssonar hér í Kaupmannahöfn. Það er vissulega við hæfi að efna til samkomu í Jónshúsi og helga hana minningu þjóðfrelsisbetju okkar og fremsta leiðtoga Íslendinga á nítjándu öldinni. Undir hans forystu var lagður grundvöllur að þeim breytingum sem leiddu síðar til viðskiptafrelsis og sjálfstæðis sem hefur fært þjóð okkar þá hagsæld sem við búum við í dag.

Óbifanleg sannfæring og öflugur málatilbúnaður Jóns Sigurðssonar og samverkamanna hans færðu íslensku þjóðinni sjálfstæði í fyllingu tímans. Vert er að minna okkur á að því frelsi sem þeir skópu megum við ekki fórna né láta fara forgörðum í ölduróti stundarhagsmuna.

Það er ærin ástæða til þess að halda á loft minningu Jóns Sigurðssonar sem við virðum svo vel af verkum hans í þágu íslensku þjóðarinnar. Sumardagurinn fyrsti er kjörinn dagur þegar litið er til þess að með vorskipunum bárust bréfin frá höfuðstaðnum Kaupmannahöfn með herhvöt Jóns til stuðningsmanna og samstarfsmanna, sem biðu þeirra í ofvæni. Þeir tóku forystu hjá hinni fátæki þjóð til sóknar og framfara á öllum sviðum.

Samband Jóns við Breiðfirðinga

Það var ekki síst við Breiðafjörðinn, þar sem margir af hans öflugum stuðningsmönnum voru, sem bréfum hans og útgáfu Nýrra félagsrita var tekið fagnandi í sumarbyrjun hvert ár. Fólkið hafði trú á verkum hans og orðum sem brýndu menn til dáða og þannig þrækaði það og byggði Ísland upp hægt og bítandi. Smám saman risu verstöðvar þar sem nýttar voru auðlindir sjávar og jörðin var ræktuð í þágu þess búskapar sem hélt lífinu í landsmönnum uns iðnvæðingin, verslunarfrelsi og öflugir atvinnuvegir til sjós og lands bættu efnahag og tryggðu að lokum efnahagslegt og stjórnmálalegt sjálfstæði þjóðarinnar. Sú framvinda öll var byggð á þeim grunni sem Jón Sigurðsson og samstarfsmenn hans lögðu.

Fyrir Breiðfirðing eins og mig er það heiður að fá tækifæri til þess að helga minningu Jóns Sigurðssonar það ávarp sem ég flyt hér í dag sem forseti Alþingis. Sitt sterkasta bakland, eins og það myndi nú orðað, átti Jón á Vesturlandi og Vestfjörðum, einkum í byggðunum kringum Breiðafjörð.

Nú eru jarðir á Breiðafjarðareyjum flestar í eyði en fyrr á tímum þótti þar öruggust búseta á landinu og þar bjuggu stórbændur, á okkar mælikvarða, til lands og sjávar. Þar voru forystumenn um félagsvakningu og framfarasókn, bæði konur og karlar.

Fyrir daga Jóns höfðu Vestlendingar hafið upp merki framfara. Flateyingar stofnuðu sína „framfarastofnun“, Breiðfirðingar höfðu með sér „Bréflega félagið“ þar sem þeir „blogguðu“ um landsins gagn og nauðsynjar, og þeir gáfu um hríð út tímaritið „Gest Vestfirðing“ svo eitthvað sé nefnt. Þeir höfðu á Kollabúðum og Þórsnesi endurreist hin fornu héraðsþing er hillti undir endurreist Alþingi. Á þessum þingstöðum forfeðranna voru settar saman bænaskrár til hins nýja ráðgjafarþings.

Boðskap Jóns Sigurðssonar og Félagsritanna var því sáð í frjóan jarðveg þjóðmálavakningar víða um land og ekki síst um Breiðafjörð. Meðal dyggustu samherja Jóns á þingi var Breiðfirðingurinn séra Eiríkur Kúld sem bjó í Flatey og Stykkishólmi. Hann átti langa þingsetu og var sagður ópreytandi við að koma boðskap forseta á framfæri og vinna baráttumálum hans brautargengi.

Séra Eiríkur Kúld var gjarnan þingskrifari og sat við hönd forseta. Er forseti vildi koma einhverju smálegu á framfæri, kom það gjarnan í hlut séra Eiríks. Hann var því oft nefndur „munnur forseta“. Eiríkur Kúld var úr Flatey, sonur séra Ólafs Sívertsen sem var brautryðjandi félagsvakningar við Breiðafjörð.

Eiríkur ritaði Jóni mörg bréf og löng um stjórnmalaprefið og almenn mál. Stundum fylgdi kjöttunna frá Daníel Thorlacius kaupmanni, er einnig sat um hríð á þingi. Daníel var einn hinna róttæku Geirunga sem voru hvað harðastir stuðningsmenn Jóns á hinum síðari árum baráttunnar og Danahatarar með eindæmum. Þeir Eiríkur og Daníel þeyttust um sveitir með bænaskrár sem stundum urðu velktar í höndum bænda og sjómanna undir Jökli. Kona Eiríks, hin aðsópsmikla Þuríður Kúld sem kom Matthíasi Jochumssyni til mennta, var líka pennavinur forseta. Hann bjargaði henni um dönsku blöðin, en ytra var Jón einatt í margs konar snúningum fyrir landa sína eins og þekkt er.

Jón forseti og Alþingi

Í ævisögu Jóns Sigurðssonar, sem Guðjón Friðriksson skrifaði, segir frá ungum Norðlendingi, Sigurði Guðnasyni á Ljósavatni. Hann lét undan þeirri freistingu að gera sérstaka ferð suður til að sjá þennan galdramann, Jón Sigurðsson, með eigin augum. Sagðist Sigurður unna Nýjum félagsritum mest allra bóka og voru þá ekki Biblían og Íslendingasögurnar undanskildar.

Lýsing Sigurðar á verkum Jóns og aðdáun hans á Jóni er bæði einstök og skemmtileg. Væri ekki amalegt fyrir þingmenn nútímans að fá slíkan vitnisburð. En vissulega eru aðstæður og tíðarandi annar en var, þá er Jón Sigurðsson gekk hér um torg og stræti í okkar gömlu höfuðborg.

Það hefur ekki verið einfalt mál fyrir Jón Sigurðsson að vinna með þeim hætti sem hann gerði sem námsmaður, fræðimaður og leiðtogi í frelsisbaráttunni. Ekki hefur verið einfalt að gegna þingmennsku við þær aðstæður, að búa og starfa í Kaupmannahöfn. Engu að síður var hann dáður af þeim sem best þekktu til starfa hans og fylgdust með málflutningi hans í Nýjum félagsritum.

Bönd Jóns Sigurðssonar og Alþingis eru órjúfanleg. Jón Sigurðsson var forseti Alþingis tíu sinnum, lengur en nokkur annar og miklar breytingar urðu á högum þess meðan Jón lifði. Hann sat fyrsta þing hins endurreista Alþingis, meðan það var eingöngu ráðgjafarþing einvaldskonungs, og lifði að sjá Ísland fá eigin stjórnarskrá árið 1874. Var Jón Sigurðsson kjörinn forseti fyrsta löggjafarþingsins árið 1875 og samþykkti þingið heiðurslaun Jóni til handa. Þessar mikilvægu breytingar á stöðu Alþingis hefðu vart orðið hefði Jóns Sigurðssonar ekki notið við.

Lög voru með því fyrsta sem Íslendingum þótti vert að setja á bókfell á móðurmáli sínu. Grágás, lagasafn Íslendinga á þjóðveldisöld, er einn af þjóðardýrgripum okkar. Þar er að finna mesta lagasafn norrænna manna frá miðöldum, réttargrundvöll og leikreglur samfélagsins á þjóðveldisöld.

Það var á þessum grundvelli, sem lagður var á þjóðveldisöld, að Jón Sigurðsson vann sína sigra í frelsisbaráttunni í þágu íslensku þjóðarinnar. Jón hafði staðgóða þekkingu á sögu lands og þjóðar og það var í krafti þeirrar þekkingar sem hann náði að færa rök fyrir réttinum til aukins sjálfstæðis. Á grunni rökhugsunar og sterkrar þjóðerniskenndar, auk vissunnar um það að við ættum að sækja rétt okkar í samskiptum við nágranna og frændur, hafði Jón sitt fram. Var það ávallt sannfæring Jóns að Íslendingar ættu ekki að þola órétt, heldur krefjast frelsis til viðskipta og aukins forræðis eigin mála.

Staða Alþingis í dag

En hvað þætti Jóni um Alþingi í dag? Það er spurning sem gaman er að velta fyrir sér. Miklar breytingar voru gerðar á starfsháttum Alþingis á síðasta ári, í kjölfar þess að samkomulag náðist um umfangsmiklar breytingar á lögum um þingsköp. Þessar breytingar á starfsháttum Alþingis munu styrkja það til framtíðar. Ekki mun veita af við þær aðstæður ef þingið þarf að takast á við það mikla viðfangsefni að meta hagsmunum okkar um aukið samstarf innan Evrópu.

Eftir að hafa setið í forsætisnefnd Alþingis í átta ár og síðan önnur átta ár í ríkisstjórn sem samgönguráðherra var mér ljóst að breytinga væri þörf á störfum þingsins. Styrkja yrði þingið og bæta almenna starfsaðstöðu þingmanna, ásamt því að efla og endurskipuleggja störf þingsins. Einnig taldi ég brýnt verkefni að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar.

Það var því mitt fyrsta verk eftir að hafa tekið við sem forseti Alþingis að móta breytingar og koma þeim í gegnum þingið. Allt bendir til þess að vel hafi til tekist. Segja má að umfangsmikið breytingarferli hafi byrjað þegar deildarskipting Alþingis var aflögð árið 1991. Á síðasta kjörtímabili beitti forveri minn, Sólveig Pétursdóttir, sér fyrir mikilvægum áfanga í þessum breytingaferli.

Framundan eru enn frekari skref í þá átt að efla stöðu þingsins, meðal annars með því að breyta meðferð þingsins á EES gerðum og bæta starf alþjóðanefnda þingsins. Jafnframt tel ég mikilvægt að styrkja stöðu þingnefnda og gera starf þeirra öflugt og trúverðugt.

Í því sambandi er mikilvægt að skipuleggja samráð við hagsmunaaðila og samstarf við alþjóðastofnanir.

Við Íslendingar erum svo gæfusöm að eiga marga hæfileikamenn sem starfa á hinum fjölmörgu sviðum menningarmála og atvinnulífsins og hafa sótt á ný mið innanlands og utan. Er mikill fengur að því að geta hagnýtt þekkingu þeirra og ráð. En á sama tíma er brýnt að þingið geti jafnan staðist öllum hagsmunaaðilum snúning og hafi til þess fullt atgervi og einurð.

Það er mikið talað í samfélaginu um virðingu Alþingis og nauðsyn þess að styrkja Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu og einstökum hagsmunavörðum. Breytingarnar á þingsköpum og bætt starf þingnefnda er mikilvægur liður í þessa veru. Í kjölfar breyttra þingskapa verður áfram unnið að því að styrkja stöðu Alþingis og bæta starfsumhverfi og aðstæður þingmanna.

Það er afar brýnt að hið mikilvæga starf þingmannsins verði eftirsóknarverður vettvangur hugsjónafólks sem vill vinna landi og þjóð til heilla, í anda hugsjóna Jóns Sigurðssonar.

Ísland og Evrópa

Staða Íslands er á margan hátt einstök. Íslendingar lifa á mörkum tveggja álfa í samfélagi sem sækir hið besta bæði úr gömlu Evrópu og Nýja heiminum. Búseta á Íslandi mótast auðvitað af legu landsins og verður alltaf ósambærileg við það að búa í hinni þéttbýlu og frjósömu Mið-Evrópu og Skandinavíu. Afstaða okkar og kjör hljóta að mótast af hinum sérstöku aðstæðum sem eru á Íslandi. Það er því er ekki óeðlilegt að við teljum okkur ekki geta innleitt allar reglur viðskipta sem geta gilt í Evrópu svo sem reglur um auðlindanýtingu og hlutverk landbúnaðar í því að byggja upp fæðuöryggi þjóðarinnar.

Íslenskir stjórnámálemenn hljóta að horfa til arfleifðar þjóðfrelsiðshetjunnar Jóns Sigurðssonar frá Rafnseyri þegar við metum hagsmuni lands og lýðs í samskiptum þjóðanna. Það er hlutverk okkar alþingismanna að setja lög og móta stefnu til hagsbóta fyrir land og þjóð, í þágu framtíðar og á grunni reynslunnar. Við berum bæði ábyrgð gagnvart þeim sem skópu sögu okkar og ekki síður gagnvart komandi kynslóðum. Gera verður kröfu til þess að stjórnámálemenn þekki og virði þá framvindu sem tryggði sjálfstæði okkar og stofnun íslenska lýðveldisins. Með fullveldi Íslands voru skapaðar þær kringumstæður sem hafa lagt grundvöllinn að auðlindanýtingu og hagsæld þjóðarinnar.

Það er vissulega hollt að minnast kenninga Jóns og krafna um sjálfstæði þegar hugleidd er sú sérstaka staða sem við Íslendingar erum í við byrjun 21. aldar.

Það eru á lofti kraftmiklar kenningar um vaxandi velsæld til sjós og lands í skjóli Evrópusambandsins. Þær kenningar eru settar fram af fólki sem við hlustum á og metum. Við nánari skoðun virðist þeim sjónarmiðum þó jafnvel teflt fram út frá mjög þröngu sjónarhorni eða jafnvel draumsýnar stjórnámálanna, sem láta óskhyggjuna um of ráða för. En hvernig sem allt veltist þurfum við að tryggja hagsmuni fjöldans um leið og við sköpum útrásarvikingum okkar svigrúm.

Kröfur og kenningar um inngöngu í Evrópusambandið eru reistar þegar við Íslendingar erum efnaðri og betur settir en við höfum nokkru sinni verið í sögu þjóðarinnar. Þökk sé framsýnum stjórnámálamönnum, sóknjörfum athafnamönnum og þrautseigri þjóð. Ýmsir virðast vilja leita eftir skjóli innan Evrópusambandsins þegar við höfum hreppt mótvind um stund.

Eðlilegt er að varpa fram þeirri spurningu hvort það sé í anda hugsjóna Jóns Sigurðssonar að afsala hluta fullveldis okkar og flytja valdið yfir auðlindum sjávar til sameiginlegs og yfirþjóðlegs valds Evrópusambandsins? Hefur Evrópusambandið forsendur til þess að meta aðstæður okkar Íslendinga sem búum við ysta haf og nýtum auðlindir eldvirkinnar og framrás jökulfljótanna, róm til fiskjar og viljum halda til haga sagnaritum okkar og sögulegri arfleifð. Mun hið háa Alþingi, sem var stofnað á Þingvöllum árið 930 og hefur verið stolt okkar Íslendinga, njóta sæmdar og hafa þau áhrif sem því ber innan Evrópusambandsins? Þetta eru spurningar sem erfitt er að svara, en vert að velta fyrir sér.

Síðasta vor var gengið til alþingiskosninga. Að loknu þessu kjörtímabili, árið 2011, verða bæði 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og 160 ár frá þjóðfundinum 1851, þar sem Jón steig fram fyrir skjöldu og mótmælti því ofbeldi sem hið erlenda vald beitti fulltrúa Alþingis.

Því hefur verið varpað fram að í næstu kosningum, sem verða ekki seinna en árið 2011, verði í raun og veru kosið um aðild okkar Íslendinga að Evrópusambandinu. Í þeim alþingiskosningum verði lagt fyrir þjóðina að velja þingmenn með hliðsjón af afstöðu þeirra til umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Þetta eru vissulega mikil tíðindi ef af verður og undarleg gráglettni orlaganna ef sú verður raunin á 200 ára afmælishátíðarári sjálfstæðishetjunnar. Það má velta fyrir sér hvert ræðuefnið verður á Austurvelli við hlið stytta Jóns Sigurðssonar 17. júní það herrans ár 2011 að loknum kosningum.

Það er eflaust mikilvægt að skipuleggja umræðu í íslensku samfélagi og láta meta kosti þess og galla að Ísland afsali sér hluta fullveldis með aðild að Evrópusambandinu. Ákvarðanir um grundvallarbreytingar á stöðu okkar sem sjálfstæðrar þjóðar kalla á breytingar á stjórnarskránni. En við verðum að skoða fleira en efnahagsleg rök sem mæld eru í krónum eða evrum. Íhuga þarf mikilvægi þjóðarvitundar og sjálfstæðis okkar mitt á milli Ameríku og Evrópu þar sem við bæði njótum og gjöldum einangrunar landsins fjarri stærstu mörkuðum.

Aðild að Evrópusambandinu myndi kalla á breytingar á auðlindanýtingu okkar. Það hlýtur því að verða að skýra það vel út fyrir kjósendum í sjávarbyggðum á Íslandi hvers vegna við eigum að fela yfirráð og skipulag nýtingar sjávarauðlindarinnar stjórnáráðgjafmönnum og embættismönnum Evrópusambandsins. Í mínum huga er slík valda tilfærsla ekki fýsilegur kostur. Margir telja að við eigum að leita áfram samstarfs á grundvelli EES-samningsins, sem hefur reynst okkur vel. Ég tel að það hljóti til dæmis að vera í þágu matvælaöryggis Evrópu að við nýtum auðlindir sjávar með sjálfbærum og hagkvæmum hætti eins og við höfum gert og byggjum áfram upp íslenska landbúnaðinn á forsendum þess ósýkta umhverfis sem við búum við en aukum jafnframt samkeppni í þágu neytenda.

Það ber umfram allt að varast að byggja upp óraunhæfar væntingar um stöðu okkar innan Evrópusambandsins. Sem smáþjóð eigum við að nýta styrk okkar þar sem við getum og við höfum margt fram að færa og getum haft áhrif, þótt við stöndum utan Evrópusambandsins.

Flestir sem aðhyllast inngöngu ganga út frá því sem vísu að við getum nánast gengið þangað inn þegar okkur hentar. Víst kann það að vera möguleiki, en eingöngu ef við erum tilbúin sem þjóð að ganga að öllum þeim kostum sem okkur eru settir. En myndi slíkt þjóna hagsmunum okkar sem þjóðar? Myndi slíkur framgangur vera í anda Jóns Sigurðssonar?

Það virðist vera þannig að áköfustu áhugamenn um inngöngu í Evrópusambandið láta lönd og leið forsendur fyrir fullveldi og sögulega stöðu okkar sem sjálfstæð þjóð með elsta þjóðþing veraldar. Þeir varpa öllum gildum fyrir róða nema stundarhagsmunum okkar og mæla öll gæði í krónum eða evrum. Ef við viljum ná árangri fyrir þjóðina verðum við hins vega að gefa okkur tíma og byrja á réttum enda þessa máls.

Við þurfum að leggja alla áherslu á að ná vopnum okkar innanlands og tryggja aftur stöðugleikann í efnahagsmálum áður en við hugum að aðild. Við getum ekki og eigum ekki að koma á hnjúnum og óska inngöngu vegna efnahagslegra vandræða. Þeir sem halda að upptaka evru sé lausn alls vanda verða að huga að því að Evrópusambandsaðild fylgir ekki sjálfkrafa upptaka hins sameiginlega gjaldmiðils. Til að ganga í Myntbandalagið og geta tekið upp evru verður fyrst að uppfylla þau ströngu skilyrði sem kennd eru við Maastricht. Staðan í ríkisfjármálum á Íslandi er sterk, ríkissjóður hefur verið rekinn hallalaust og erlendar skuldir ríkisins eru í lágmarki. Ísland uppfyllir þannig Maastricht skilyrðin hvað varðar ríkisfjármál. Það gerum við aftur á móti ekki þegar horft er til viðmiða um lága verðbólgu og stöðugt gengi. Því verðum við að ná tökum á efnahagsmálum og tryggja stöðuleika af eigin rammleik,

áður en upptaka evru kemur til greina. Lausn vandans okkar í efnahagsmálum er því áfram í okkar höndum um sinn.

Ég hef hér gert grein fyrir mínum sjónarmiðum um Ísland og Evrópusambandið, en það er ekki víst að mín skoðun verði ofan á. Auk þess geta aðstæður breyst vegna hluta sem við sjáum ekki fyrir. En ef þjóð og þing metur það svo, að lokinni vandlegri ígrundun, að aðild kunni að vera vænlegur kostur, eigum við að mæta til samninga á eigin forsendum með reynslu okkar og viljann að vopni. Við þær aðstæður getum við samið af styrk um sérstöðu okkar m.a. í sjávarútvegsmálum, og án þess að fórna öðrum þáttum í okkar samfélagi eins og gæti orðið með íslenskan landbúnað.

Það má því öllum vera ljóst að það er verk að vinna á Alþingi við að móta stefnu um samstarf við aðrar þjóðir. Þar þurfum við að hafa í huga þær breytingar sem hafa orðið á sviði varnarmála, umhverfismála og efnahagsmála. Það er skylda íslenskra stjórnámálanna að ganga til samninga við aðrar þjóðir með það í huga að tryggja hagsmunum okkar jafnframt því að ganga fram í þágu frjálsrar og fullvalda þjóðar á Íslandi, í anda þeirrar arfleifðar sem Jón Sigurðsson skildi eftir sig. Trú Jóns Sigurðssonar á landið virðist aldrei hafa farið úr augsyn þrátt fyrir að vera stundum við ystu sjónarrönd þess mögulega.

Að lokum

Ágætu gestir

Stundum eru skólabörn spurð að því hver hafi verið fyrsti forseti Íslands. Sum nefna þá Jón Sigurðsson og við hristum höfuðið yfir fáfræði æskunnar. En er ekki samt rökrétt að margir telji að svo hafi verið. Jón Sigurðsson var á vissan hátt sjálfskipaður forseti þjóðarinnar; talsmaður hennar gagnvart dönskum yfirvöldum, leiðtogi þeirra er börðust fyrir sjálfsforræði hennar, og velgjörðarmaður Íslendinga í Kaupmannahöfn.

Þegar Jón andaðist birtist, sem nærri má geta, forsíðufrétt í Þjóðólfi, þar sem sagði að andaður væri Jón Sigurðsson „forseti Íslendinga” auk hinnar fleygu lýsingar „óskabarn íslands, sómi þess, sverð og skjöldur.” Ég held að það sé vel sagt að Jón Sigurðsson hafi verið forseti Íslendinga, enda hefur hann ætíð síðan í raun haft þann sess í hugum þjóðar sinnar. Það er því sannur heiður hverjum íslenskum þingmanni að gegna stöðu forseta Alþingis, sem Jón Sigurðsson gegndi á sínum tíma, og vinna í hans anda í þjóðar þágu. Ég vona að arfleifð hans megi lifa með þjóðinni um ókomna tíð og við gleymum ekki uppruna okkar og skyldum við landið þrátt fyrir sókn og vörn á ótryggum miðum skortsöluútgerðar samtímans.

Ágætu gestir. Ég vil að lokum þakka fyrir áheyrnina og vona að við eigum hér góðan dag í Jónshúsi. Vil ég í tilefni dagsins jafnframt óska ykkur gleðilegs sumars.